



Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Hellu, 4. apríl 2022

Efni: Endurskoðaðar samþykktir fyrir byggðasamlög í eigu Rangárþings ytra og Ásahrepps, ásamt endurskoðuðu rammksamkomulagi og þjónustusamningum.

Sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur hafa endurskoðað samþykktir fyrir sameiginleg byggðasamlög og þjónustusamninga vegna samstarfs sveitarfélaganna. Í þeirri vinnu var ætlunin að koma til móts við athugasemdir sem koma fram í bréfi ráðuneytisins frá 24. ágúst 2020. Hér með er óskað eftir að ráðuneytið staðfesti samþykktir fyrir byggðasamlögin Húsakynni bs og Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. Jafnframt er óskað eftir umsögn innviðaráðuneytisins vegna samþykta fyrir byggðasamlagið Odda bs sem þarf að fá staðfestingu mennta- og barnamálaráðuneytis að fenginni umsögn innviðaráðuneytis. Jafnframt er sent rammksamkomulag og þjónustusamningar sem tengjast þessu samstarfi sveitarfélaganna þannig að fram komi heildarmynd af samstarfinu. Viljum við biðja ráðuneytið að meta hvort þeir samningar þurfi einnig staðfestingu ráðuneytisins.

Með bréfi þessu fylgja eftirtalin skjöl:

- Rammksamkomulag um samstarf sveitarfélaganna Rangárþings ytra og Ásahrepps.
- Samþykktir fyrir Húsakynni bs.
- Samþykktir fyrir Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.
- Samþykktir fyrir Odda bs.
- Þjónustusamningur milli Rangárþings ytra og Ásahrepps
- Þjónustusamningur milli Húsakynna bs. og Rangárþings ytra
- Þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. og Rangárþings ytra
- Þjónustusamningur milli Odda bs. og Rangárþings ytra
- Samningur um Menningarhús á Hellu

Í ljósi þess að sveitarstjórnarkosningar verða haldnar þann 14. maí n.k. er æskilegt að flýta afgreiðslu þessa erindis eins og kostur þannig að hægt verði að ganga frá og auglýsa samþykktir í tíma fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Virðingarfyllst,

  
Valtýr Valtýsson  
sveitarstjóri Ásahrepps

  
Ágúst Sigurðsson  
sveitarstjóri Rangárþings ytra